

Fimmti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki miðvikudaginn 3.maí 2023 kl. 17:00.

Mætt eru: Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti óskaði eftir að bæta við dagskrána einum lið og er hann númer 5 á dagskránni.

Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2022.

Ársreikningur 2022 tekinn til fyrri umræðu. Halldóra Ágústa Pálsdóttir og Lilja D. Karlsdóttir frá KPMG komu inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Halldóra gerði grein fyrir Ársreikning 2022. Lilja fór yfir drög að Endurskoðunarskýrslu 2022 og Bréf til stjórnenda.

2. Sauðfjárveikivarnir.

Umræður um sauðfjárveikivarnir og sauðfjárveikivarnargirðingu sem að liggur í gegnum sveitarfélagið, á milli varnarhólfs 3 Snæfellsneshólfs og varnarhólfs 2 Vesturlandshólfs.

Rætt um ástand girðingarinnar, sem að liggur á milli Hausthúsafjara og Álftafjarðar. Veruleg þörf er á endurnýjun og endurbótum girðingarinnar.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn Eyja - og Miklaholtshrepps lýsir yfir miklum áhyggjum af ástandi sauðfjárveikivarnagirðinga í landinu og þar með talinni sauðfjárveikivarnargirðingu sem að afmarkar Snæfellsneshólf.

Í ljósi þess að Snæfellsneshólf gegnir mikilvægu hlutverki sem líflambasölusvæði, m.a. í fjárskiptum, er brýnt að halda hólfinu hreinu og er girðingin lykilþáttur í því.

Sveitarstjórn Eyja – og Miklaholtshrepps skorar á Matvælaráðuneyti og MAST að axla ábyrgð á hlutverki sínu í þessum málum og krefst frekara fjármagns í málaflokkinn sem fyrst í ljósi aðstæðna í t.d. Miðfjarðarhólfi.

Oddvita falið að koma bókun sveitarstjórnar á framfæri við Matvælaráðuneyti, Matvælastofnun, Fjármálaráðuneyti, þingmenn NV-kjördæmis og sveitarstjórna innan ofangreindra hólfa.

3. Samningur vegna skólamála.

Farið yfir samninga við Sveitarfélagið Stykkishólm um þjónustu við íbúa Eyja- og Miklaholtshrepps. Um er að ræða þjónustusamninga um grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, auk yfirsamnings.

Samningarnir samþykktir einróma í sveitarstjórn. Sveitarstjórn veitir oddvita umboð til undirritunar samninganna.

4. Minnisblað frá SSV vegna fræðsluferðar til Skotlands.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

5. Bókun frá Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar, varðandi sauðfjárveikivarnir.

Bókun lögð fram til kynningar.

Ekki var fleira gert, fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:00.

Herdís Þórðardóttir sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Þróstur Aðalbjarnarson sign

Sigurbjörg Ottesen sign